

Dalabyggð
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Umhverfisstofnun
Áb. _____
26. mars 2012 8.14.2
Tilv. _____




UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 26. mars 2012
Tilvísun: UST20111000061/edk

Staðfesting á úrbótum móttékin - máli lokið

Umhverfisstofnun vísar í bréf dagsett 7. október 2011 þar sem farið var fram á áætlun um úrbætur vegna frávíka sem komu fram við eftirlit með urðun óvirks úrgangs og geymslu ákveðinna úrgangsflokka hjá Dalabyggð þann 29. júní 2011. Frávikin vörðuðu það að ábyrgðartrygging, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun höfðu ekki borist Umhverfisstofnun. Þann 18. nóvember 2011 bárust Umhverfisstofnun umrædd skjöl og teljast þau fullnægjandi að mati stofnunarinnar. Umhverfisstofnun staðfestir hér með að Dalabyggð hefur bætt úr þeim frávikum sem fundust við reglubundið eftirlit 2011.

Virðingarfyllst


Sigríður Kristjánsdóttir
deildarstjóri


Eva Dögg Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðiseftirlit Vesturlands